

Samkomulag um aukna byggðafestu í Grímsey

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu 400 þorskígildistonna aflamarki árlega fiskveiðiárin 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024, í því skyni að treysta byggðafestu í Grímsey. Samningur þessi gerður á grundvelli reglugerðar nr.1064/2015, umsókna útgerðaraðila í Grímsey og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar.

Aðilar að þessum samningi eru:

- Byggðastofnun, kt.450679-0389, Ártorgi 1, Sauðárkróki
- Sæbjörg ehf., kt.470291-1769, Öldutúni 3, Grímsey
- Heimskautssport ehf., kt.580406-0330, Sveinagörðum, Grímsey
- Sigurbjörn ehf., kt.560178-1079, Sólbrekku, Grímsey
- Stekkjarvík ehf., kt.610198-2529, Hafnargötu 3, Grímsey

1.

Meginmarkmið samnings þessa er að auka byggðafestu í Grímsey. Í því skyni stefna samningsaðilar að öflugri útgerð í eygni til að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar og afleidda starfsemi í Grímsey til lengri tíma og að draga sem mest úr óvissu um framtíð byggðarlagsins.

2.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðiárin 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 með fyrirvara um endurskoðun við upphaf hvers fiskveiðiárs þar sem lagt verður mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknanna sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið úthlutar til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

3.

Útgerðirnar skuldbinda sig til að viðhalda þeim störfum sem tilgreind eru í umsóknum félaganna.

4.

Byggðastofnun leggur til 400 þorskígildistonna aflamark árlega á gildistíma samningsins. Það skiptist á milli útgerðanna á eftirfarandi hátt:

- | | |
|------------------------|---------------------------|
| • Sigurbjörn ehf. | 181.060 þorskígildi (kg.) |
| • Heimskautssport ehf. | 112.520 þorskígildi (kg.) |
| • Sæbjörg ehf. | 77.900 þorskígildi (kg.) |
| • Stekkjarvík ehf. | 28.520 þorskígildi (kg.) |

5.

Framsál aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er. Segi útgerðaraðili sig frá samningnum, útgerð hætti starfsemi eða flytji úr eygni skiptast þær aflaheimildir hlutfallslega á milli annarra aðila samningsins.

7.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr.8.gr. reglugerðarinnar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

Grímsey 4. janúar 2019


f.h. Byggðastofnunar



f.h. Sigurbjörns ehf.



f.h. Stekkjarvíkur ehf.


f.h. Sæbjargar ehf.


f.h. Heimskautssports ehf.

Vottar að undirskrift (nafn og kennitala)


kt. 290767-5539


kt. 020666 3159